



# Hestamannafélagið Glaður

## Stjórnarfundur 21.03.2006

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Fundur í stjórn Glaðs haldinn að Sunnubraut 7 í Búðardal, þann 21. mars 2006.

Mættir: Margrét, Harald, Bryndís, Valberg og Þórður.

1) Vallarmálið.

Borist hefur tilboð frá Plastmótun í rekkverk meðfram brautunum. Einnig rætt um að nota timbur en ekki tekin ákvörðun.

Rætt um efsta lagið á völinn og ákveðið að setja vikur ofan á bæði hringvöll og beina braut.

2) Reiðhús.

Komin er tilkynning um að sækja þurfi um styrk fyrir 20. apríl. Ákveðið að fara strax í að ræða við hugsanlega samstarfsaðila.

3) Aðalfundur.

Ákveðið að stefna að því að halda aðalfund 6. apríl. Rætt um val í nefndir og samþykkt að afskrifa gamlar kröfur upp á kr. 26.500,-.

4) Lagt fram bréf frá landeigendum í Hundadal og Vífildal varðandi reiðleið.

*Þórður Ingólfsson (sign)*

*Valberg Sigfússon (sign)*

*Harald Ó. Haralds. (sign)*

*Bryndís Karlsdóttir (sign)*

*Margrét Guðbjartsdóttir (sign)*